



Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2012

Jafnréttisstofa – Borgum v/ Norðurslóð - 600 Akureyri
Sími: 460 6200 – Bréfsími: 460 6201 – Netfang: jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
HLUTVERK OG SKIPULAG	8
STARFIÐ 2012	9
RÁÐGJÖF, EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAR.....	9
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR	9
SKÝRSLUR OG UMSAGNIR	10
ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM.....	10
UMSAGNIR.....	10
SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR	11
NEFNDIR OG VINNUHÓPAR.....	11
AÐGERÐARÁÆTLUN STJÓRNVALDA GEGN KYNBUNDNU OFBELDI ÁRIN 2011-2015	11
JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA	12
KYNJUÐ HAGSTJÓRN	12
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS.....	12
RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA.....	12
VELFERÐARVAKTIN	12
JAFNLAUNAVOTTUN.....	13
STARFSHÓPUR UM AUKNA ÞÁTTTÖKU KARLA Í JAFNRÉTTISSTARFI	13
FJÖLMIÐLANEFND	13
FRAMVKÆMDANEFND UM LAUNAJAFNRÉTTI KYNJANNA.....	13
SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS	13
STARFSHÓPUR UM JAFNRÉTTISFRÆÐSLU	14
MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR	14
JAFNRÉTTISTORG.....	14
8. MARS	14
ENDURMENNTUNARDAGUR JAFNRÉTTISSTOFU.....	15
BIRTINGARMYNDIR OFBELDIS – AFLEIÐINGAR OG ÚRRÆÐI	15
KVENNASÖGUGANGA	15
LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA.....	15
24. OKTÓBER	15
16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI	15
FRÆÐSLUFUNDIR OG ERINDI.....	16
NÁMSKEIÐ	18
STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN	18
NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA	18
NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU	18
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA	18
NÁMSKEIÐ UM KYNBUNDIÐ OFBELDI	18
KYNJUÐ HAGSTJÓN OG FJÁRLAGAGERÐ	19
VERKEFNI	19
KARLAR TIL ÁBYRGÐAR.....	19
SAMSTÍGA - SIDE BY SIDE	19
SAMSTARF UM FRÆÐSLU GEGN KYNBUNDU OFBELDI	20

EVROÞUSÁTTMÁLI UM JAFNA STÖÐU KVENNA OG KARLA Í SVEITARFÉLÖGUM	20
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA.....	20
STARFSNEMI Á JAFNRÉTTISSTOFU	20
UPPLÝSINGAR UM JAFNRÉTTI KYNJA Á ENSKU	20
ERLENDIR GESTIR.....	20
ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA.....	21
HEIMASÍÐA JAFNRÉTTISSTOFU.....	21
GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU.....	22
DAGATAL	22
KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2012	22
GENDER EQUALITY IN ICELAND.....	22
KYNJAKRÓNUR: Handbók um kynjaða hagstjórn	23
RÉTTUR ÞINN	23
LÖG UM JAFNA STÖÐU OG JAFNAN RÉTT KVENNA OG KLARA.....	23
NORRÆNT SAMSTARF	23
SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi	24

INNGANGUR

Árið 2012 var að venju viðburðaríkt á sviði jafnréttismála. Fjórða árið í röð var Ísland í efsta sæti á lista World Economic Forum sem mælir kynjamun í heiminum.

Ísland bætti við sig stigum eins og reyndar hefur gerst frá árinu 2006 en mælingin nær yfir árin 2006-2012. Sem fyrr eru það möguleikar til menntunar og heilbrigðis sem gefa okkur flest stig en efnahagsleg staða og pólitísk áhrif sem draga okkur niður. Þess má geta að Ísland er komið niður í tíunda sæti á lista IPU (Alþjóða þingmannasambandsins) yfir stöðu kvenna á þjóðþingum en við vorum komin upp í fimmta sæti eftir kosningarnar 2009. Konum fækkaði smám saman á þingi á síðasta kjörtímabili og er ærin ástæða til að rannsaka ástæður þess.

Í byrjun árs gaf Jafnréttisstofa út bæklinginn Gender Equality in Iceland en hann er á ensku og gefur mynd af jafnréttismálum á Íslandi allt frá lögum og stefnu stjórnvalda til kynningar á félagasamtökum. Þessi bæklingur hefur komið að mjög góðum notum og er hann að finna á heimasíðum flestra ráðuneyta auk heimasíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is.

Árið 2011 lauk verkefni á vegum Jafnréttisstofu um kynin í kennslubókum í sögu á miðstigi grunnskóla. Gefin var út skýrsla sem vakti mikla athygli og umræður. Sú umræða hélt áfram á árinu 2012 og stóðu RIKK (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við HÍ) og Jafnréttisstofa fyrir ráðstefnu um efnið í febrúar. Þar urðu hressileg skoðanaskipti sem héldu áfram í það minnsta meðal sagnfræðinga fram eftir árinu.

Um mánaðarmótin febrúar-mars var haldinn árlegur fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York. Að þessu sinni var umræðuefnið staða kvenna í dreifbýli og fjármögnun jafnréttisbaráttunnar. Norrænu þjóðirnar skipulögðu að vanda tvo hliðarviðburði. Jafnréttisráðherrar eða fulltrúar þeirra efndu til fundar um stöðu kvenna í dreifbýli ásamt Michelle Bachelet framkvæmdastýru UN Women en ýmislegt fleira bar á góma. Þar var fullt út úr dyrum og mikið spurt um aðgerðir Norðurlandanna í þágu jafnréttis kynjanna. Undirrituð var fulltrúi velferðarráðherra á fundinum. Á síðari fundinum mættu sérfræðingar og var Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri Byggðastofnunar fulltrúi Íslands á mjög vel sóttum fundi.

Klámvæðing var mikið til umræðu á árinu. Snemma árs gaf Reykjavíkurborg út bæklinginn Klámvæðing er kynferðisleg áreitni og vakti hann nokkra athygli og umræður einkum meðal borgarstarfsmanna. Í haust blésu svo nokkur ráðuneyti og Háskóli Íslands til sóknar gegn klámvæðingunni með ráðstefnu sem haldin var í hátíðarsal HÍ. Aðsókn var mikil og vakti fyrirlestur Gail Dines gríðarlega athygli. Ráðstefnunni var útvarpað á netinu og hittist m.a. hópur í Háskólanum á Akureyri til að fylgjast með. Svo virðist sem almenningur geri sér litla grein fyrir því hversu auðvelt er að nálgast hrottafengið klám og ofbeldisefni á netinu án nokkurra takmarkana. Nokkur kurr varð í netheimum út af erindi Gail Dines eins og jafnan þegar minnst er á klám og viðbrögð við því. Þar er greinilega komið inn á sprengjussvæði enda áhrif klámvæðingar víða að finna. Fyrir og eftir ráðstefnuna voru haldnir fjölmennir vinnufundir með fulltrúum víða að úr samfélaginu og er að vænta tillagna um aðgerðir innan skamms.

Á Akureyri héldu Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri ráðstefnu um kynbundið ofbeldi í maí í kjölfar endurmenntunarnámskeiðs sem haldið var við HA. Flutt voru nokkur mjög athygliverð erindi,

m.a. frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og af sérfræðingum sem hafa rannsakað afleiðingar kynbundins ofbeldis. Eitt erindið fjallaði um meðferð fyrir konur sem eiga við geðræn vandamál að stríða en í ljós hefur komið að margar þeirra hafa sætt miklu ofbeldi. Á árinu lauk Reykjavíkurborg gerð aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi og er annað sveitarfélagið á landinu til að gera það. Það er því ljóst að sveitarfélög landsins eiga mikið verk óunnið á sviði baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi sem greinilega er ógnvænlegt mein í íslensku samfélagi.

Og meira um ofbeldismálin. Ríkisstjórnin samþykkti á sínum tíma að setja 30 millj. kr. í fræðslu og baráttu gegn kynferðisofbeldi sem börn verða fyrir. Í haust var skipulögð fundaherferð um land allt þar sem megin markhópurinn var kennarar og starfsfólk skóla. Fundirnir voru gríðarlega vel sóttir enda fjölbreytt fræðsla í boði. Í ljós kom, t.d. á fundinum sem haldinn var á Akureyri, að mikil þörf var fyrir umræður, aukna þekkingu og ekki síst verkferla innan skólanna sem oft lenda í vanda við að taka á málum.

Að venju var efnt til 16 daga alþjóðlegs átaks gegn kynbundnu ofbeldi en það stendur ávallt frá 25. nóvember sem er dagur Sameinuðu þjóðanna gegn ofbeldi og til 10. desember sem er mannréttindadagur SP. Það eru einkum frjáls félagasamtök sem skipuleggja viðburði, svo sem ljósagöngu. Jafnréttisstofa stóð m.a. að málþingi sem haldið var á Amtsbókasafninu á Akureyri og var það vel sótt.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2011-2014 er að finna margar aðgerðir sem varða jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Á árinu 2012 skilaði framkvæmdanefnd gegn launamisrétti kynjanna af sér tillögum til ráðherra sem varða almennan vinnumarkað. Í framhaldi af því skipaði velferðarráðherra aðgerðahóp til að vinna að launajafnrétti en í honum sitja aðilar vinnumarkaðarins ásamt formanni sem skipaður er af ráðherra. Eitt af verkefnum hópsins er að kynna jafnlaunastaðalinn sem greint er frá hér neðar. Ekki veitir af aðgerðum því endurteknar kannanir meðal félaga í VR sem er stærsta stéttarfélag landsins og SFR (sem er innan BSRB) sýndu að kynbundinn launamunur er svo sannarlega enn til staðar og er meiri hjá opinberum aðilum en á almennum markaði.

Í jafnréttislögunum sem samþykkt voru 2008 er ákvæði til bráðabirgða um: „að þróað verði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins.“ Verkinu átti að ljúka árið 2010 en skemmst er frá því að segja að verkefnið reyndist mun flóknara og tímafreakara en ráð var fyrir gert, auk þess sem hrunið setti strik í reikninginn. Staðallinn var loks tilbúinn síðast liðið vor og var ákveðið að kynna hann með pomp og prakt á kvenréttindadaginn 19. júní. Nú stendur fyrir dyrum að fá fyrirtæki og stofnanir til að prófa staðalinn sem er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum.

Annað verkefni sem er að finna í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar varðar samræmingu atvinnu og fjölskyldulífs. Í sumar var skipaður hópur sem sinnir því verkefni og byggir hann m.a. á tillögum annars hóps sem vann greinargerð fyrir Jafnréttisráð. Unnið er að tillögum og aðgerðum og var m.a. haldinn fjölsóttur fundur í haust þar sem fyrirmyndarfyrirtæki og stofnanir greindu frá því hvernig þau auðvelda starfsfólki sínu að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.

Enn eitt verkefni úr framkvæmdaáætluninni sem er í gangi varðar þátttöku karla í jafnréttisumræðunni.

Eitt þeirra verkefna sem unnið hefur verið að í nokkur ár er kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð. Afraksturinn má sjá í frumvörpum til fjárlaga fyrir árin 2012 og 2013 þar sem gerð er grein fyrir verkefnum sem unnin voru ýmist innan ráðuneyta eða opinberra stofnana. Í tengslum við verkefnið gaf Jafnréttisstofa út bæklinginn *Kynjakrónur* í samstarfi við fjármálaráðuneytið. Nú eru sveitarfélögin að ríða á vaðið hvað varðar kynjaða fjárhagsáætlanagerð og fer Reykjavíkurborg þar fremst í flokki. Á vef borgarinnar má lesa um þau verkefni sem unnin hafa verið. Í stuttu máli gengur kynjuð hagstjórn og fjárlaga- eða fjárhagsáætlanagerð út á það að greina í hvað peningarnir fara og hvort þeim sé skipt á réttlátan hátt milli kynja. Íþróttir eru gott dæmi um málaflokk þar sem peningum er ekki skipt á milli kynja með jafnrétti að leiðarljósi.

Síðast liðið sumar urðu mikil umskipti innan þjóðkirkjunnar. Agnes M. Sigurðardóttir var kjörin biskup yfir Íslandi fyrst kvenna og Sólveig Lára Guðmundsdóttir var kjörin vígslubiskup á Hólum. Í fyrsta sinn í rúmlega þúsund ára sögu kristinnar kirkju á Íslandi eru konur meirihluti biskupa en þeir eru þrír, þ.e. biskup Íslands og tveir vígslubiskupar sem sitja í Skálholti og á Hólum eins og biskupar gerðu fyrr á öldum.

Árið 2010 lauk stóru samstarfsverkefni fimm sveitarfélaga, velferðarráðuneytis og Jafnréttisstofu um jafnrétti í skólum. Frábær verkefni voru unnin og hefur sumum þeirra verið fylgt eftir með því að kynna þau í grunnskólum, t.d. í Reykjavík. Síðan hefur verið haldið áfram að vinna að jafnrétti í skólastarfi og eru Reykjavík og Akureyri þar fremst í flokki. Jafnréttisstofa og Akureyrarbær gerðu samning um sérstakt fræðsluáttak sem fólst í því að verkefnisstjóri heimsótti næstum því alla skóla innan sveitarfélagsins. Boðið var upp á fræðslu og umræður fyrir kennara en einnig voru bekkir heimsóttir og rætt við nemendur. Vonandi verður framhald á þessari samvinnu en Akureyrarbær er eitt þeirra sveitarfélaga sem tekur jafnréttismál alvarlega og með föstum tókum. Í Reykjavík hefur verið verkefni í gangi sem felst í heimsóknum í alla grunnskóla, með umræðum og fræðslu fyrir kennara. Þörfin er mikil enda er jafnrétti ein af grunnstoðum nýrrar aðalnámskrár. Ein helsta niðurstaða verkefnisins *Jafnrétti í skólum* var sú að koma þyrfti kynjafræði inn í kennaranám þannig að kennarar verði færari til að vinna í samræmi við gildandi lög og reglur, þar með talið að brjóta upp hefðbundið náms- og starfsval og að vinna gegn staðalmyndum kynjanna sem hefta marga einstaklinga í að velja sér þá leið í lífinu sem hugur stendur til. Á nýju ári hyggst Jafnréttisstofa beina sjónum að kennaramenntun og ræða við þá háskóla sem mennta kennara um hvernig efla megi þekkingu á kynjafræði meðal kennara.

Árlegur landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga var haldinn á Akranesi í byrjun september. Að þessu sinni var fjallað um jafnrétti á Íslandi með augum kvenna af erlendum uppruna, samanburð á árangri drengja og stúlkna í grunnskólum og þar með brottfall drengja, kynjaða fjárhagsáætlanagerð og gerð jafnréttisáætlana.

Að venju var haldið upp á þá daga sem tengjast baráttu kvenna fyrir jöfnum réttindum og jöfnum tækifærum á við karla. Alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars var undirlagður af fundum svo sem vaninn er. Á kvenréttindadaginn 19. júní bauð Kvenréttindafélag Íslands upp á dagskrá að Hallveigarstöðum í Reykjavík og á Akureyri var árleg kvennasöguganga í samstarfi Jafnréttisstofu, Akureyrarbæjar, Minjasafnsins og Zontaklúbbanna. Dagur Sameinuðu þjóðanna 24. október er löngu orðinn baráttudagur kvenna hér á landi en er það ekki annarsstaðar í heiminum. Að þessu sinni voru veittir styrkir úr Jafnréttissjóðnum til rannsókna á stöðu kynjanna og er það fagnaðarefni að sjóðurinn er aftur tekinn til starfa eftir nokkurra ára kreppuhlé. Á Akureyri hélt Jafnréttisstofa fund um

launamisrétti kynjanna og kallaði til annars vegar framkvæmdastjóra BSRB Helgu Jónsdóttur til að greina frá nýlegri launakönnun meðal félaga BSRB og hins vegar bæjarstjórnann á Akureyri Eirík Björn Björgvinsson til að segja frá aðgerðum bæjarins í þágu launajafnréttis kynjanna en nú er að fara af stað ný könnun á stöðu mála.

Undir lok ársins gerðust þau tíðindi að lögum um fæðingarorlof var breytt í þá veru að nú verður tekið upp í áföngum kerfi sem lýsa má sem 5-5-2. Það þýðir að mæður fá fimm mánuði í sinn hlut, feður fimm mánuði og síðan verða tveir mánuðir sameiginlegir þegar kerfið verður að fullu komið í framkvæmd. Jafnframt verður stigið fyrsta skrefið til að hækka launabakið að nýju eftir mikinn niðurskurð og hækkar það úr 300 þús. í 350 þús. Það verður forvitnilegt að sjá hvaða áhrif þessar breytingar hafa, einkum hvað varðar þátttöku feðra en tilgangurinn er auðvitað sá að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði, auka samvistir foreldra og ungra barna þeirra og brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til leikskólar taka við.

Að lokum skal nefnt að Jafnréttisstofa stendur fyrir jafnréttistorgum í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Einn fyrirlesaranna á síðasta ári var Steinunn Rögnvaldsdóttir en hún skrifaði mastersritgerð um kynjamisrétti meðal lífeyrisþega. Erindi hennar vakti mikla athygli enda um nýtt málefni að ræða sem lítið hefur verið rætt og rannsakað hér á landi. Þetta málefni er nú komið á dagskrá Evrópusambandsins, þ.e. hvernig hægt verði að brúa kynjabilið og koma þannig í veg fyrir að konum sé mismunað nánast frá vöggu til grafar. Stórt málefni sem gefa þarf gaum á nýju ári.

Fjárhagur Jafnréttisstofu var erfiður á árinu enda voru afleiðingar niðurskurðar ár eftir ár að koma fram. Í fyrsta sinn í sögu stofunnar var halli á rekstrinum einkum vegna þess að treglega gekk að afla þeirra sértekna sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Einn starfsmaður bættist við á árinu í tímabundið verkefni sem fjármagnað var með sértekjum.

Að endingu vil ég svo þakka starfsfólki Jafnréttisstofu vel unnin störf sem og öllum þeim fjölmörgu sem við eigum samstarf við á vettvangi ríkisins, innan sveitarfélaga, hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum.

Kristín Ástgeirsdóttir

HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra og tók formlega til starfa 15. september árið 2000.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2012 var: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Hugu R. Hjaltadóttir, Ingibjörg Elíasdóttir, Tryggvi Hallgrímsson og Hjálmar Sigmarsson sem leysti Hugu R. af í fæðingarorlofi hennar. Ellen Sæmundsdóttir var starfsnemi á Jafnréttisstofu hluta af árinu. Í byrjun september kom Arnfríður Aðalsteinsdóttir til starfa í tímabundin verkefni.

Jafnréttisstofa hefur styrkt stöðu lektors við Háskóla Íslands á sviði karlafræða, fæðingarorlofs og jafnréttismála. Stöðunni gegnir Ingólfur V. Gíslason sem áður starfaði hjá Jafnréttisstofu. Samningurinn um stöðuna er til fimm ára og tók hann gildi 31. desember 2007 og rann því út í árslok 2012.

Í samræmi við 4. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna,
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna,
- koma með tillögum að sértækum aðgerðum,
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna,
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Sérstaklega er tekið fram í lögunum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

STARFIÐ 2012

RÁÐGJÖF, EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAR

Einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld geta leitað til Jafnréttisstofu eftir ráðgjöf og aðstoð varðandi málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Töluvert er um það að hringt sé til Jafnréttisstofu eða tölvupóstur sendur þar sem spurt er um ýmislegt varðandi jafnréttismál. Sum mál eru lagalegs eðlis en önnur snúa að hagnýtri framkvæmd jafnréttisstarfs.

Jafnréttisstofa veitir lagalega ráðgjöf til einstaklinga og lögaðila sem þangað leita. Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin með ráðgjöf varðandi réttarstöðu og/eða með því að benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofan hefur samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hafa brotið gegn jafnréttislögum, eftir því hvað á við í hverju tilfalli. Flest mál leysast með þessum hætti. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kærunefndar jafnréttismála til að fá úr máli sínu skorið, þá veitir Jafnréttisstofa leiðbeiningar varðandi kærufærlíð.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR

Fyrirtæki sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, sbr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa veitir stofnunum og fyrirtækjum ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2012, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað.

Í lok árs 2012 hafði Jafnréttisstofa fengið svör um jafnréttisáætlanir frá 26 af 27 framhaldsskólum, en kallað var eftir þeim á síðari hluta ársins 2011. Þá voru aðeins fimm skólanna með jafnréttisáætlun en í árslok 2012 voru þeir 26. Af skólunum 27 voru níu sem um áramót voru annað hvort ekki búnir að ljúka við að lagfæra jafnréttisáætlanir sínar í samræmi við athugasemdir Jafnréttisstofu eða áttu eftir að gera jafnréttisáætlanir markvissari. Jafnréttisstofa mun fljótlega kalla aftur eftir jafnréttisáætlunum framhaldsskólanna.

Á árinu 2012 sendi Jafnréttisstofa opinberum stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns á ársgrundvelli bréf og óskaði eftir jafnréttisáætlun og upplýsingum um hvernig unnið væri að kynjasamþættingu innan viðkomandi stofnunar. Bréf voru send til 87 stofnana. Í ljós kom að ein þurfti ekki að vera með jafnréttisáætlun. Um áramót höfðu svör borist frá 84 stofnunum. Af þeim voru langflestar með jafnréttisáætlun. Nokkrar fengu frest til að ljúka gerð jafnréttisáætlunar. Í byrjun árs 2013 verður farið yfir jafnréttisáætlanirnar og athugasemdir sendar stofnunum eftir því sem við á.

Öllum sveitarfélögum á landinu voru send bréf þar sem farið var fram á afhendingu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 3. mgr. 12. gr. jafnréttislaga. Um áramót höfðu einungis 26 af 77 sveitarfélögum sent Jafnréttisstofu umbeðna skýrslu.

SKÝRSLUR OG UMSAGNIR

ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Samkvæmt 11. gr. jafnréttislaga gerir Jafnréttisstofa tillögur til ráðherra um verkefni í framkvæmdaáætlun sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi. Stofan sinnir einnig eftirliti með framgangi áætlunarinnar eftir því sem við á, fyrst og fremst í samstarfi við jafnréttisfulltrúa ráðuneyta. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa m.a. það hlutverk að fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta. Þeir skila skýrslu um stöðuna til Jafnréttisstofu um hver áramót.

Núgildandi þingsályktunartillaga um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára var samþykkt 19. maí 2011. Áætluninni er skipt í eftirfarandi kafla: stjórnvísan, vinnumarkaður – launamisrétti kynjanna, kyn og völd, kynbundið ofbeldi, menntir og jafnrétti, karlar og jafnrétti og loks alþjóðastarf. Alls eru verkefnin 43 með tímaáætlun og ábyrgðaraðila sem eru ýmist ráðuneyti eða opinberar stofnanir.

UMSAGNIR

Á hverju ári fær Jafnréttisstofa töluverðan fjölda umsagnarbeiðna frá nefndasviði Alþingis um frumvörp til laga og þingsályktunartillögur. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2012:

- 13. desember Umsögn um frv. til laga um breyt. á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, 496. mál.
- 3. desember Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um 40 stunda vinnuviku o.fl., 324. mál, þskj. 371. (færsla frídaga að helgum).
- 29. nóvember Umsögn um frv. til breyt. á lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup, 288. mál, þskj. 321
- 16. nóvember Umsögn Jafnréttisstofu um þált. um búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 152. mál, þskj. 152. (tvöfalt lögheimili)
- 16. nóvember Umsögn um þált. um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun, 80. mál, þskj. 80.
- 30. október Umsögn um frv. til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 155. mál, 155. þskj.
- 30. október Umsögn um frv. til laga um Ríkisútvarpið, 194. mál, þskj. 194 (Ítrekun á fyrri umsókn o.fl.).
- 29. október Umsögn um þált. um mótun reglna um verkferla og hæfnismat við opinberar embættisveitingar, 119. mál, þskj. 119, (umsögn frá 2010 ítrekuð).
- 10. október Umsögn um frv. til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og I. um kosningar til sveitarstjórna, (aðstoð við kosningu), 180. mál, þskj. 181.
- 10. október Umsögn um frv. til laga um málefni innflytjenda, 64. mál, þskj. 64. (Fyrri umsögn ítrekuð).
- 23. júlí Umsögn um frv. til laga um breyt. á lögreglulögum, 739. mál, þskj. 1177.

23. júlí Umsögn um frv. til laga um framkvæmdavald og stjórnslu ríkisins í héraði, 738. mál, þskj. 1176.
15. maí Umsögn um frv. til laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu o.fl. 735. mál, þskj. 1173
15. maí Umsögn um frv. til laga um breyt. á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, 692. mál, þskj. 1124.
25. maí Umsögn um frv. til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, 736. mál, þskj. 1174.
10. maí Umsögn um frv. til laga um Ríkisútlit, 748. mál, þskj. 1186.
19. mars Umsögn um frv. til laga um málefni innflytjenda, 555. mál, þskj. 857.
7. mars Umsögn um frv. til breytinga á barnalögum, 290. mál, þskj. 328.
16. febrúar Umsögn um frv. til breytinga á l. um fæðingar- og foreldraorlof, 109. mál, þskj. 109.

SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum er varða jafnrétti kynjanna. Jafnréttisstofa svaraði fyrirspurnum þeirra stofnana sem fylgja þeim eftir. Á starfsárinu 2012 svaraði Jafnréttisstofa spurningum frá eftir farandi stofnunum:

International Labour Organisation (ILO) – Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóðavinnuáráðastofnuninni, ILO, þar sem meðal annars er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Þær samþykktir sem snúa að jafnréttismálum eru nr. 100 og 111.

World Economic Forum – í samráði við velferðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið var svarað spurningum um fæðingarorlof, dagvistarmála og skatta vegna árlegrar könnunar WEF á jafnrétti kynjanna. Sem kunnugt er hefur Ísland verið efst á lista WEF undanfarin ár.

Evrópuráðið – spurningakönnun um stöðuna hvað varðar kynbundið ofbeldi hér á landi, svo sem lög, kvænnaathvörf o.fl.

NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

AÐGERÐARÁÆTLUN STJÓRNVALDA GEGN KYNBUNDNU OFBELDI ÁRIN 2011-2015

Nefnd var að störfum við að semja nýja aðgerðaáætlun og áttu fjölmargir aðilar fulltrúa í henni. Hlutverk nefndarinnar var að vinna að aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi fyrir árin 2011–2015. Nefndinni var ætlað að skoða sérstaklega samhengi kynbundinna ofbeldisbrota, saksóknar vegna þeirra og meðferðar í dómskerfinu. Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu átti sæti í nefndinni. Nefndin skilaði tillögum til ráðherra um mitt ár 2012.

JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA

Í 13. grein jafnréttislaga er kveðið á um að í hverju ráðuneyti skuli starfa jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavíðri viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna halda mánaðarlega samráðsfundi sem starfsmaður Jafnréttisstofu sækir. Hlutverk starfsmanns Jafnréttisstofu er að veita leiðsögn og auka samstarf jafnréttisfulltrúa. Hugrún R. Hjaltadóttir hefur sótt fundi jafnréttisfulltrúa en Hjálmar Sigmarsson sótti þá hluta af árinu 2012.

KYNJUÐ HAGSTJÓRN

Árið 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hlutverk hennar er að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í verkefnisstjórninni en Hjálmar Sigmarsson leysti hana af hluta árs 2012. Heimasíða verkefnastjórnar er á slóðinni: http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í stjórn skrifstofunnar, varamaður hennar er Tryggvi Hallgrímsson.

RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA

Síðan 1991 hafa sérstakir styrkir verið veittir til kvenna sem hafa góðar viðskiptahugmyndir en það var þáverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sem kom verkefninu af stað. Á þeim tíma var atvinnuleysi kvenna töluvert og styrkirnir ætlaðir sem mótvægi við það og sem tæki fyrir konur í viðskiptum með því að auka aðgengi þeirra að fjármagni. Frá árinu 2008 hefur fulltrúi Jafnréttisstofu setið í ráðgjafarnefnd sem fer yfir allar styrkumsóknir og gerir tillögu til velferðarráðherra um styrkveitingar. Ingibjörg Elíasdóttir er fulltrúi Jafnréttisstofu í nefndinni. Á árinu 2012 var 26 milljónum úthlutað til 36 verkefna. Af styrkjunum 36 fóru 22 til kvenna á höfuðborgarsvæðinu og 14 til kvenna á landsbyggðinni. Verkefnin sem hlutu styrki voru afar fjölbreytt, þ.á.m. tengd kvikmyndum, lifandi tungumálakennslu, kanínurækt, framleiðslu snúningslaka, osta, duftkera og heilsukodda.

VELFERÐARVAKTIN

Eftir að Jafnréttisvaktin sem starfaði á árinu 2009 skilaði skýrslu til ráðherra var ákveðið að eðlilegast væri að starfsemi hennar mundi renna inn í Velferðarvaktina í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Markmið þess er að tryggja að jafnréttissjónarmið verði eðlilegur hluti af því starfi sem Velferðarvaktin sinnir en hlutverk þess er að fylgjast með þróun velferðarmála í kjölfar hrunsins 2008. Þórhildur Þorleifsdóttir, formaður Jafnréttisráðs er aðalmaður í velferðarvaktinni og Kristín Ástgeirsdóttir, varamaður hennar. Einnig hefur Hugrún R. Hjaltadóttir sótt fundi í fjarveru þeirra.

JAFNLAUNAVOTTUN

Í október 2008 skrifuðu félags- og tryggingamálaráðherra, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undir viljayfirlýsingu um að þau hygðust í samráði við Staðlaráð Íslands hefja gerð staðals sem nýst gæti sem undirstaða vottunar launajafnréttis á vinnumarkaði. Yfirumsjón með gerð staðalsins var í höndum svokallaðrar tækninefndar. Jafnréttisstofa átti aðild að tækninefndinni ásamt fleiri aðilum en Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu hefur sinnt því. Vinnu að staðlinum lauk árið 2012 og var hann kynntur af Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra þann 19. júní 2012.

STARFSHÓPUR UM AUKNA ÞÁTTTÖKU KARLA Í JAFNRÉTTISSTARFI

Árið 2011 setti velferðarráðherra á fót hóp til að vinna að tillögum um hvernig auka megi þátttöku karla í jafnréttisstarfi. Áætlað er að starfshópurinn skili niðurstöðum til ráðherra árið 2013. Tryggvi Hallgrímsson á sæti í starfshópnum.

FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd skv. lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 hóf störf 1. september 2011. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði Ingibjörgu Elíasdóttur, lögfræðing á Jafnréttisstofu og fjölmiðlafræðing, varamann í nefndinni.

FRAMVKÆMDANEFND UM LAUNAJAFNRÉTTI KYNJANNA

Í desember 2011 skipaði velferðarráðherra framkvæmdanefnd um launajafnrétti kynjanna sem meðal annars var falið að samhæfa aðgerðir til að draga úr launamisrétti kynja og vinna að gerð tímasettrar aðgerðaáætlunar. Aðgerðaáætlunin var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar í september 2012 og kynnt þann 24. október. Framkvæmdanefndinni hefur verið falið að starfa áfram og fylgja aðgerðaráætluninni eftir. Fulltrúi Jafnréttisstofu í nefndinni var Ingólfur V. Gíslason en Tryggvi Hallgrímsson tók við af honum í lok árs 2012.

NEFND UM ENDURSKOÐUN REGLNA Í TENGLUM VIÐ AÐGERÐIR GEGN EINELTI Á VINNUSTÖÐUM

Í september 2011 skipaði velferðarráðherra nefnd til að endurskoða reglur í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustöðum, þar á meðal kynferðislega áreitni. Jafnframt skal nefndin fjalla um þau álitæfni sem upp hafa komið í tengslum við einelti á vinnustöðum, þar á meðal samspil laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem og um efni rammisamnings aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Tryggvi Hallgrímsson á sæti í nefndinni, sem mun skila skýrslu til ráðherra á árinu 2013.

SAMRÆMING FJÖLSKYLDU- OG ATVINNULÍFS

Á árinu skipaði velferðarráðherra vinnuhóp um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs í samstarfi við Jafnréttisstofu og Jafnréttisráð. Hlutverk vinnuhópsins, sem tók til starfa í september, er meðal annars að framkvæma verkefni nr. 16 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Auk þess á vinnuhópurinn að annast fræðslu til atvinnurekenda og virkra þátttakenda á vinnumarkaði um leiðir til að auðvela samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þá skal vinnuhópurinn fylgja eftir og vinna úr tillögum nefndar um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem kynntar voru í júní 2011, ásamt því að kanna hagkvæmni þess að stytta vinnuvikuna í 36 klukkustundir. Einnig var

vinnuhópnum falið að standa að og undirbúa ráðstefnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins þar sem áhersla verður meðal annars lögð á að fá fræðimenn til að flytja erindi og „fyrirmyndarfyrirtæki“ til að kynna hvernig þau koma til móts við starfsfólk sitt varðandi fjölskyldulíf. Vinnuhópurinn stóð fyrir fjölsóttum morgunverðarfundum í nóvember en upptökur frá fundinum og fleiri gagnlegar upplýsingar má finna á heimasíðunni: www.hiðgullnajoknajarvægi.is. Vinnuhópurinn á að ljúka störfum í apríl 2013 og skilar þá greinargerð til ráðherra um framkvæmd verkefna og tillögur. Arnfríður Aðalsteinsdóttir er starfsmaður hósins.

STARFSHÓPUR UM JAFNRÉTTISFRÆDSLUM

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hafa með með stuðningi Jafnréttisstofu tekið höndum saman um jafnréttisfræðslu fyrir kennara í leik- og grunnskólum, starfsfólk í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar. Þetta er tveggja ára verkefni sem ná mun til um 3.500 starfsmanna en Hjálmar Sigmarsson og Bergljót Þrastardóttir hafa bæði starfað með starfshópnum.

MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR

Á hverju ári tekur Jafnréttisstofa þátt í undirbúningi ýmissa funda bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Hér eru nefndir nokkrir slíkir fundir.

JAFNRÉTTISTORG

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að fyrirlestraröð um jafnréttismál undir yfirskriftinni Jafnréttistorg. Árið 2012 voru haldnir 3 fyrirlestrar. Í janúar hélt Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi hjá Neytendasamtökunum erindið *Umhverfi og neysla*. Tryggvi Hallgrímsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu flutti erindi um tengsl karla við jafnréttismál í september. Í nóvember kynnti svo Steinunn Rögnvaldsdóttir, MA í kynjafræðum, rannsókn sína á íslenska lífeyriskerfinu út frá kynjafræðilegu sjónarhorni.

8. MARS

Að venju var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna þann 8. mars. Á Akureyri stóð Jafnréttisstofa að dagskrá í tilefni þess að 30 ár voru liðin frá því að Kvennaframboðið í bænum var stofnað. Erindi fluttu Kristín Ástgeirsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Birgir Guðmundsson og Þóra Ákadóttir. Að erindum loknum voru pallborðsumræður en í þeim tóku þátt Karólína Stefánsdóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir. Fundarstjóri var Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri Hörgárbyggðar.

Jafnréttisstofa hefur undanfarin ár haldið hádegisfund á Grand Hótel með Jafnréttisráði, ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og SSF. Yfirskrift fundarins í ár var: *Starfslok endastöð eða nýtt upphaf? Konur á barmi starfsloka*. Flutt voru þrjú erindi en það gerðu þær Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, Steinunn Rögnvaldsdóttir, MA í kynjafræðum og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, fyrrverandi varaformaður Eflingar-stéttarfélags. Fundarstjóri var Stefanía Magnúsdóttir, fyrrverandi varaformaður VR.

ENDURMENNTUNARDAGUR JAFNRÉTTISSTOFU

Í febrúar skipulagði Jafnréttisstofa endurmenntunardagskrá fyrir starfsfólk sitt og nýtti tækifærið og bauð öðru fólki sem starfar að jafnréttismálum á námskeiðið. Í þeim hópi voru jafnréttisfulltrúar ráðuneyta ásamt öðru starfsfólki innan stjórnarráðsins sem starfar að jafnrétti kynja, jafnréttisfulltrúar sveitarfélaganna og jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands, nemar í kynjafræði við H.Í og fulltrúar frjálsra félagasamtaka s.s. KRFI, Stígmóta og Afslins. Dagskráin var fjölbreytt og fjallaði um það nýjasta í fræðum og rannsóknum, kynbundið ofbeldi og löggjöf, klámvæðingu sem kynferðislega áreitni, menntun og kynjajafnrétti, karla og kynjajafnrétti og að lokum vinnumarkað og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

BIRTINGARMYNDIR OFBELDIS – AFLEIÐINGAR OG ÚRRÆÐI

Jafnréttisstofa skipulagði í samstarfi við Rannsóknamiðstöð gegn ofbeldi og Háskólann á Akureyri ráðstefnu undir yfirskriftinni: *Birtingamyndir ofbeldis - afleiðingar og úrræði*. Ráðstefnan var haldin í maí og var umfjöllunarfernið fjölbreytt. Sérfræðingar af ólíkum sviðum samfélagsins fjölluðu um aðkomu sína að ofbeldismálum, rannsóknir og helstu þætti sem nauðsynlegt er að skoða til að auka þekkingu og úrræði í þessum málaflokki hérlendis.

KVENNASÖGUGANGA

Farið var í kvennasögugöngu á Akureyri þann 19. júní og þess minnst að konur sem orðnar voru 40 ára og eldri hlutu kosningarétt til Alþingis þann dag árið 1915. Kvennasögugangan var nú gengin í fimmta sinn en þátttaka hefur alltaf verið mjög góð. Leiðsögumaður í ár var Hörður Geirsson, safnvörður Minjasafnsins á Akureyri en Björgvin Steindórsson, forstöðumaður Lystigarðsins ávarpaði einnig göngufólk.

LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA

Þann 14. september var landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga haldinn á Akranesi. Jafnréttisstofa tekur virkan þátt í skipulagningu landsfundarins í samstarfi við það sveitarfélag sem býður heim hverju sinni. Megin umræðuefni fundarins að þessu sinni var jafnrétti á Íslandi með augum kvenna af erlendum uppruna, kynjuð fjárhags- og starfsáætlanagerð hjá Reykjavíkurborg, gerð jafnréttis- og aðgerðaráætlana og samanburður á árangri stúlkna og drengja í grunnskólum.

24. OKTÓBER

Kvennafrídagurinn 24. október var haldin hátíðlegur að vanda. Í ár stóð Jafnréttisstofa að opnum fundi á hóteli KEA um kynbundið launamisrétti undir yfirskriftinni: *Látum verkin tala – burt með launamisrétti kynjanna!* Erindi fluttu Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri. Fundarstjóri var Stefán B. Sigurðsson rektor Háskólans á Akureyri

16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

Jafnréttisstofa tók þátt í árlegu 16. daga alþjóðlegu átaki gegn kynbundnu ofbeldi en dagsetningar átakins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags, voru valdar til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átakins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Fjöldi samtaka og stofnana koma að átakinu.

Í ár var sýnd á Akureyri margverðlaunuð bosnísk bíómynd um afleiðingar ofbeldis. Boðið var upp á málþing um heimilisofbeldi á Amtsbókasafninu. Frummælendur voru Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, Eyþór Þorbergsson fulltrúi Sýslumannsembættisins á Akureyri, dr. Rachael Lorna Johnstone frá Háskólanum á Akureyri og Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjölskyldudeildar Akureyrar. Um fundarstjórn sá Tryggvi Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi. Árleg ljósaganga hófst við Akureyrarkirkju og niður á Ráðhústorg þar sem Svanfríður Larsen úr Zontaklúbbi Akureyrar flutti ljóð. Þátttaka í ljósagöngunni var mjög góð en nemendur úr grunn- og framhaldsskólunum á Akureyri tóku virkan þátt í ár. Á alþjóðlega mannréttindadeginum var boðið upp á upplestur og Amnesty-bréfamaraþon í versluninni Flóru í Hafnarstræti á Akureyri og starfskonur Afslins seldu armbönd með áletruninni *Segðu frá* og borði með þeirri áletrun var mjög sýnilegur í miðbæ Akureyrar. Að venju var dagskrá í Reykjavík sem Jafnréttisstofa var aðili að.

ÁTAK GEGN KLÁMVÆÐINGU

Innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og velferðarráðuneytið stóðu saman að vitundarvakningu og ráðstefnu um klámvæðingu á haustmánuðum. Jafnréttistýra var fulltrúi velferðarráðuneytisins í undirbúningshópnum. Haldnir voru tveir stórir fundir sem öllum þeim aðilum sem koma að ofbeldismálum og klámvæðingu á einhvern hátt var boðið til. Einnig var efnt til ráðstefnu í samvinnu við lagadeild Háskóla Íslands þar sem flutt voru mjög vekjandi erindi. Sérstakur gestur ráðstefnunnar var Gail Dines frá Bandaríkjunum en hún hefur rannsakað klámvæðingu sérstaklega og skrifað bækur um hana. Verkefninu lauk með því að unnið var úr niðurstöðum fundanna og tillögur sendar þeim ráðherrum sem stóðu að verkefninu.

FRÆDSLUFUNDIR OG ERINDI

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innanlands sem utan. Flest eru þau haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan tekur þátt í eða stýrir.

Erindi sem starfsfólk Jafnréttisstofu hefur haldið innanlands hafa tengst hinum ýmsu þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin eru um starfsemi stofunnar, jafnréttislöggjöfina og stöðu jafnréttismála á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Önnur eru hins vegar kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd stærri málefnum í jafnréttisbaráttu, svo sem launamun kynjanna, áhrifum efnahagskreppunnar á kyn og vinnustaðamenningu. Einnig hefur starfsfólk Jafnréttisstofu flutt erindi og heimsótt vinnustaði, stéttarfélög, sveitarfélög, félagasamtök og skóla sem þess hafa óskað. Of langt mál væri að telja upp alla þá fundi en nokkra ber þó að nefna.

Kristín Ástgeirsdóttir hélt erindi á ráðstefnu í Osló um norræna samvinnu í kynjafraeðirannsóknnum og á ráðstefnu um sögukennslu í Háskóla Íslands en sú ráðstefna kom til í framhaldi af rannsókn Jafnréttisstofu á kennslubókum í sögu fyrir miðstig grunnskóla. Einnig flutti Kristín erindi í New York á sameiginlegum hliðarviðburði Norðurlandanna á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna, á fundi þjóðkirkjunnar í Glerárkirkju á Akureyri og á ráðstefnu í Vilnís þar sem jafnréttisstarf á Norðurlöndunum var kynnt. Þá tók Kristín þátt í hátíðarfundi Alþingis í júlí þegar þess var minnst að 90 ár voru liðin frá því að Ingibjörg H. Bjarnson var kjörin á þing fyrst kvenna hér á landi. Þá sótti Kristín einnig árlegan fund jafnréttisstofnana á Norðurlöndunum sem haldinn var í Kaupmannahöfn.

Kristín kenndi nokkra tíma á haustmisseri í námskeiði um kynjafræði við Háskólann á Akureyri. Einnig kenndi hún í jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna við Háskóla Íslands fyrir erlenda gestanemendur.

Arnfríður Aðalsteinsdóttir heimsótti flesta grunnskóla Akureyrarbæjar þar sem hún var með jafnréttisfræðslu fyrir nemendur og starfsfólk. Í nóvember funduðu Arnfríður og Tryggvi með sveitarstjórnarmönnum, skólafólki og jafnréttisnefndum í Fjarðabyggð, á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði. Á Seyðisfirði var Arnfríður auk þess með jafnréttisfræðslu fyrir nemendur grunnskólans. Í desember var Arnfríður með fræðslufund fyrir sveitarstjórnarmenn og skólafólk í Garði að ósk jafnréttisnefndar sveitarfélagsins.

Bergljót Þrastardóttir heimsótti grunnskóla og framhaldsskóla víða um land og fræddi nemendur um hlutverk Jafnréttisstofu og staðalmyndir kynjanna. Hún sinnti fræðslu um kynjasambættingu og kynbundið ofbeldi fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélaga og stofnana þeirra auk þess sem hún var gestafyrirlesari í kynjafræði og markaðsfræði í Háskólanum á Akureyri. Bergljót tók þátt í vinnufundi um aukinn fjölda kvenna í stjórnnum fyrirtækja í Osló í maí þar sem aðildarlönd ESB, Noregur og Ísland tóku þátt. Hún flutti erindi um reynslu kvenna af starfi í sveitarstjórnunum á ráðstefnu um rannsóknir á íslensku þjóðfélagi í Háskólanum á Akureyri í apríl. Bergljót og Hugrún fluttu erindi um og kynntu kynjasambættingarverkefnið Samstíga sem stutt var af Prógress sjóði ESB í Brussel í byrjun nóvember.

Hjálmar Sigmarsson skipulagði námskeið fyrir starfsfólk í tómstundastarfi hjá Akureyrarbæ og sá einnig um jafnréttisfræðslu fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Hann tók þátt í að skipuleggja og fræða starfsfólk í sveitarfélögum um kynbundið ofbeldi.

Hugrún R. Hjaltadóttir hélt námskeið hjá Reykjavíkurborg um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð með Katrínu Önnu Guðmundsdóttur, verkefnastjóra innleiðingar kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar í fjármálaráðuneytinu. Hugrún tók einnig að sér að vera fundarstjóri á málstofu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands undir yfirskriftinni: Fifteen Years of Gender Mainstreaming: The Global and EU perspectives. Í nóvember fór Hugrún ásamt Bergljótu til Brussel og kynnti Samstíga verkefnið fyrir systurstofnunum á fræðslufundi um Progress verkefnastyrki ESB.

Ingibjörg Elíasdóttir flutti m.a. fyrirlestra um skyldur atvinnurekenda skv. jafnréttislögum hjá nemendum í mannauðsstjórnun í Háskólanum á Akureyri í febrúar, í mars var hún með jafnréttisfræðslu á Biskupsstofu og fyrirlestra um starfsauglýsingar og staðalmyndir hjá Akureyrarbæ og Dalvíkurbyggð. Í ágúst hélt Ingibjörg til Noregs þar sem hún vann í átta vikur hjá Likestillings- og diskriminerings ombudet samkvæmt reglum Norrænu ráðherranefndarinnar um starfsmannaskipti. Þar hélt hún fræðsluerindi um hlutverk og starfsemi Jafnréttisstofu og jafnréttislögin hjá .

Tryggvi Hallgrímsson hélt fyrirlestra um jafnréttisáætlanir og kynjasambættingu í ýmsum skólum, stofnunum og sveitarfélögum á árinu. Í mars tók Tryggvi sérstaklega þátt í starfsdegi með Stórutjarnarskóla með kynningu á jafnréttisstarfi fyrir foreldra, börn og starfsfólk skólans. Í maí heimsóttu Tryggvi og Ingibjörg Elíasdóttir Byggðastofnun, héldu kynningu á jafnréttislögum og og ræddu tengsl jafnréttismála og byggðamála. Tryggvi hélt erindi á kvennadeigi Alcoa Fjarðaáls, þann 19. júní– ásamt því að halda vinnudag fyrir jafnréttisnefnd fyrirtækisins. Í ágúst hélt hann fyrirlestur, ástamt Ingólfi V. Gíslasyni, fyrir sendinefnd kvenfélagasamtaka frá Eistalandi. Í september kenndi Tryggvi kynjasambættingu og kynnti íslensku jafnréttislögin í Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna í Háskóla Íslands. Í september sótti Tryggvi vinnufund í Brussel, vegna Evrópuverkefnisins *The Role of*

Men in Gender Equality - European strategies & insights. Þá kynnti Tryggvi niðurstöður úr viðtalsrannsókn á viðhorfum stjórnenda í leikskólum á ráðstefnunni *Menn í omsorgsyrker* í Oslo 27-28 nóvember.

NÁMSKEIÐ

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin eru sérstaklega sniðin að þörfum þeirra sem eftir þeim óska. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu og gerð jafnréttisáætlana. Einnig fjallar starfsfólk Jafnréttisstofu um önnur atriði sem snúa að jafnrétti kynja að ósk þeirra sem biðja um námskeiðin hverju sinni.

STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN

Námskeiðið er u.þ.b. ein til tvær klukkustundir að lengd en getur verið aðlagð að þörfum þeirra sem óska eftir því. Fjallað er um stöðu jafnréttismála í íslensku samfélagi og farið yfir jafnréttislöggjöfina ásamt því að þátttakendur eru hvattir til þess að ræða málin og kryfja hvað felst í hugtakinu jafnrétti.

NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Námskeiðið er á bilinu ein til fjórar klukkustundir að lengd og sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja jafnréttisstarf og ætla að setja sér jafnréttisáætlun. Einnig hefur það verið aðlagð fyrir þá sem eru að endurskoða eldri áætlanir í samræmi við nýja löggjöf. Hvert námskeið er aðlagð að þeim sem óska eftir því og reynt er að taka inn dæmi tengd þeim vinnustað sem á í hlut hverju sinni.

NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU

Námskeiðið er á bilinu ein til fjórar klukkustundir að lengd og er sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja samþættingarvinnu. Á námskeiðinu er farið í grundvallaratriði kynjasamþættingar, hvað þarf að hafa í huga áður en vinnan hefst og farið í gegnum hagnýtar leiðir við vinnu að samþættingarverkefnum. Námskeiðið byggir á handbókinni *Jöfnum leikinn*. Þátttakendur á námskeiðum og ráðstefnum um kynjasamþættingu árið 2012 voru fjölmargir eða 302 manns alls.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA

Í tengslum við þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum hefur Jafnréttisstofa boðið upp á fyrirlestra (1 klst.), fræðslufundi (2 - 3 klst.) og námskeið (4 – 8 klst.) í skólum með það að markmiði að efla kynjafræðilegan grunn skólastjórnenda, kennara og starfsfólks skóla. Á vor- og haustönn 2012 fengu alls 680 nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins fræðslu um hlutverk Jafnréttisstofu, löggjöf, kynbundið ofbeldi og staðalmyndir kynjanna.

NÁMSKEIÐ UM KYNBUNDIÐ OFBELDI

Á árinu voru haldin námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélaga um ofbeldi í nánnum samböndum, helstu rannsóknir á sviðinu voru kynntar, aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar og úrræði í þessum málaflokki. Námskeiðin voru haldin í samstarfi við Sigrúnu Sigurðardóttur, hjúkrunarfræðing sem fjallaði sérstaklega um einkenni og afleiðingar kynbundins ofbeldis.

KYNJUÐ HAGSTJÓRN OG FJÁRLAGAGERÐ

Á árinu voru haldin nokkur námskeið um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð í samvinnu við verkefnisstjórn fjármálaráðuneytisins um kynjaða fjárlagagerð. Sjá nánar í umfjöllun um verkefnið Samstíga (Side by side) í skýrslunni.

VERKEFNI

Jafnréttisstofa vinnur að margvíslegum verkefnum, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Hér eru nefnd stærri verkefni stofunnar.

KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

Karlar til ábyrgðar er verkefni sem hófst árið 1998 en féll niður og var komið aftur af stað 2006. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðarræðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Bæði er boðið upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi er meðferðarræðið aðeins fyrir þá. Verkefnisstjórn verkefnisins er í höndum Jafnréttisstofu en Ingólfur V. Gíslason er verkefnisstjóri þess og formaður stjórnar en starfsmaður stofunnar situr í stjórninni. Hugrún R. Hjaltadóttir tók við því sæti af Tryggva Hallgrímssyni á árinu. Umsjón meðferðarræðisins er í höndum sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Andrésar Ragnarssonar. Á árinu var ákveðið að þjónustan skyldi ná út á landsbyggðina og var gerður samningur við sálfræðinginn Kristján Má Magnússon á Akureyri og samin áætlun um að kynna verkefnið um allt land.

SAMSTÍGA - SIDE BY SIDE

Jafnréttisstofa hlaut styrk úr PROGRESS sjóði Evrópusambandsins til að halda áfram með verkefnið *Side by side – Samstíga III*. Markmið verkefnisins er að efla samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í opinberri stjórnsýslu. Í tengslum við verkefnið hefur verið haldið úti heimasíðu þar sem safna á og miðla efni um samþættingu á meðan á verkefninu stendur www.samstiga.is. Verkefninu lauk á árinu 2012. Í tengslum við verkefnið hafa verið gefnar út tvær handbækur undir titlinum *Jöfnum leikinn*. Annars vegar handbók um framkvæmd kynjasamþættingar að sænskri fyrirmynd með íslenskum dæmum og hinsvegar handbók um hlutverk stjórnenda hvað varðar innleiðingu kynjasamþættingar og ávinning þeirrar vinnu þegar litið er til gegnsæis og gæða í þjónustu við fjölbreyttan hóp þjónustuþega. Báðar handbækurnar eru kennsluefni í hagnýtum jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands og í mannauðsstjórnun við Háskólann á Akureyri. Þriðja handbókin *Kynjakrónur* kom út árið 2012 en hún fjallar um framkvæmd kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar og er unnin í samstarfi við starfshóp um innleiðingu hennar í fjármálaráðuneytinu. Bækurnar þrjár eru nýttar á námskeiðum stofunnar um kynjasamþættingu og gerð jafnréttisáætlana en námskeiðin eru annarsvegar auglýst opin eða sérstaklega fyrir ákveðna aðila. Undanfarin 3 ár hafa verið haldin 60 námskeið með þátttöku víða úr stjórnsýslunni. Auk þess hafa stofnanir sveitarfélaga s.s. félagsþjónusta og skólar sótt námskeið, t.d. í Reykjavík, Hafnafirði, Fljótsdalshéraði, Fjallabyggð, Norðurþingi, á Ísafirði og Akureyri. Þess má einnig geta að fulltrúar ASÍ, BSRB og SFR auk sérfræðinga og fræðimanna á sviði jafnréttismála frá háskólum landsins hafa sótt námskeið Jafnréttisstofu.

SAMSTARF UM FRÆÐSLU GEGN KYNBUNDU OFBELDI

Jafnréttisstofa hefur unnið að fræðslu um kynbundið ofbeldi í samstarfi við Aflið á Akureyri. Um er að ræða framhald af starfi sem hófst 2008. Í samræmi við skilgreiningu jafnréttislaganna á hlutverki Jafnréttisstofu ber henni að vinna að auknum forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi með stofnunum og samtökum á þessu sviði. Markmiðið er að þróa samstarf þar sem unnið verður markvisst að því að efla fræðslu í þessum málaflokki í skólum, og meðal ungs fólks almennt. Árið 2012 fór fræðslufulltrúi Jafnréttisstofu ásamt starfskonum Aflsins í allar unglíngadeildir grunnskólanna á Akureyri og fræddi nemendur um kynbundið ofbeldi. Sem hluta af 16 daga átakinu tóku Jafnréttisstofa og Aflið að sér fræðslu í Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri um kynbundið ofbeldi.

EVROPUSÁTTMÁLI UM JAFNA STÖÐU KVENNA OG KARLA Í SVEITARFÉLÖGUM

Jafnréttisstofa hélt í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga fundi og námskeið fyrir þau sveitarfélög sem hafa undirritað Evrópusáttmálann en þau sveitarfélög eru Akureyri, Akranes, Kópavogur, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Reykjavík.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA

Akureyrarbær hefur í gegnum sína jafnréttisstefnu og með starfi Samfélags- og mannréttindaráðs komið því til leiðar að grunnskólar bæjarins hafa flestir sett sér aðgerðarbundnar jafnréttisáætlanir með sérstakri áherslu á kynjasambættingu og staðalmyndir kynja. Til að fylgja þeirri vinnu eftir gerði Akureyrarbær samning við Jafnréttisstofu um að hafa umsjón með vinnu við afnám neikvæðra staðalmynda í grunnskólum Akureyrarbæjar. Verkefnið hófst í lok september og gerði ráð fyrir 30% starfi í fjóra mánuði. Flestir grunnskólar bæjarins voru heimsóttir haustið 2012 þar sem bæði nemendur og starfsfólk fengu jafnréttisfræðslu með áherslu á staðalmyndir kynjanna.

STARFSNEMI Á JAFNRÉTTISSTOFU

Frá september 2012 til janúar 2013 starfaði Ellen Jónína Sæmundsdóttir sem starfsnemi á Jafnréttisstofu. Ellen aðstoðaði við ýmiss verkefni svo sem gagnaöflun vegna úttektar á stöðu jafnréttismála í sveitarfélögum og undirbúning vegna útgáfu kynningarefnis. Þá hjálpaði hún einnig við þýðingar og fleiri tilfallandi verkefni. Ellen stundar nú nám til meistaraþrófs á sviði félagsvísinda við Háskólann í Álaborg, Danmörku. Í námi sínu leggur hún áherslu á samskipti þjóðernishópa og alþjóðlega fólksflutninga. Starfsnám hennar var hluti af þriðju önn meistaranámsins við háskólann.

UPPLÝSINGAR UM JAFNRÉTTI KYNJA Á ENSKU

Árið 2012 kom út veglegt upplýsingarit á ensku um jafnréttisstarf og stöðu jafnréttismála á ýmsum sviðum íslensks samfélags. Ritið var prentað í 100 eintökum en er einnig aðgengilegur á heimasíðu Jafnréttisstofu. Útgáfunni hefur verið mjög vel tekið og verður vefútgáfan uppfærð eftir því sem þurfa þykir. Enska heimasíðan hefur verið uppfærð en þar er nú að finna mun ýtarlegri upplýsingar um jafnréttismál á Íslandi.

ERLENDIR GESTIR

Jafnréttisstofa tekur á hverju ári á móti erlendum gestum sem koma til landsins í ýmsum erindagjörðum sem tengjast jafnrétti kynja. Á árinu 2012 komu bæði hópar og einstaklingar til að fræðast um starfsemi Jafnréttisstofu og stöðu jafnréttismála á Íslandi.

Gestir frá Bosnía

Í nóvember tók Jafnréttisstofa á móti 13 manna hópi frá Bosnía. Hópurinn samanstóð af starfsfólki fjármálaráðuneyta, systurstofnana Jafnréttisstofu og skrifstofu UN-Women í Bosnía. Bosnía er sambandsríki með flókna stjórnsýslu og er því um að ræða þrjú fjármálaráðuneyti og þrjár Jafnréttisstofur. Jafnréttisstofa tók á móti hópnum í velferðarráðuneytinu og kynnti þeim stöðu jafnréttismála á Íslandi og jafnréttislöggjöf auk þess sem ráðuneytisstjóri velferðarráðuneytisins bauð þau velkomin til landsins.

Gestir frá Kína

Í maímánuði kom stór sendinefnd frá Kína til að kynna sér jafnréttismál á Íslandi. Haldinn var fundur með nefndinni í velferðarráðuneytinu þar sem Kristín kynnti jafnréttisstarf hér á landi. Nefndin heimsótti einnig Alþingi og fleiri ráðuneyti.

Gestur frá Svíþjóð.

Í nóvember kom Mia Heikkilä frá menntamálaráðuneyti Svíþjóðar til Íslands til að kynna sér jafnréttisstarf í leik- og grunnskólum hér á landi. Hún vann að skýrslu um þau mál fyrir ráðuneytið en verkefnið var hluti af undirbúningi fyrir formennskuáætlun Svía í Norrænu ráðherranefndinni. Mia heimsótti skóla bæði í Reykjavík og á Akureyri.

ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA

Miðlun upplýsinga- og fræðsla er stór hluti af starfi Jafnréttisstofu. Til þess að sinna því heldur stofan úti heimasíðu með fjölmörgum undirsíðum. Ýmis fræðslurit um jafnréttismál eru gefin út á hverju ári, ýmist á vegum Jafnréttisstofu eða í samstarfi við aðra aðila. Hér eru upplýsingar um það helsta sem kom út á vegum Jafnréttisstofu á árinu.

HEIMASÍÐA JAFNRÉTTISSTOFU

Upplýsingar og fréttir eru birtar reglulega á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is en Jafnréttisstofa hefur að markmiði að heimasíðan sé í senn fróðleg og lifandi. Á heimasíðunni er m.a. að finna safn af fræðsluefni, greinar og skýrslur um jafnréttismál, orðabók og atburðadagatal með helstu viðburðum sem tengjast jafnréttismálum. Jafnréttisstofa hefur lagt áherslu á að gefa út allt sitt efni rafrænt svo það sé sem aðgengilegast og nýtist sem best og er það að finna á heimasíðunni. Heimasíða Jafnréttisstofu er einnig aðgengileg á ensku. Mikil vinna fór í að bæta ensku síðuna á árinu.

Jafnréttisstofa starfrækir einnig nokkrar undirsíður tengdar ákveðnum verkefnum sem unnin eru á vegum stofunnar. Helstar eru; kynningarsíða fyrir verkefnið *Karlar til ábyrgðar* www.karlarartilabyrgdar.is, Samskipta- og upplýsingarsíða fyrir þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* www.jafnrettiiskolum.is, fræðslusíða fyrir Evrópuverkefnið *Samstíga* á slóðinni www.samstiga.is. Á árinu 2012 bættist við síðan www.hiðgullnajafnvægi.is sem er hluti af verkefni um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU

Á árinu voru birtar greinar á heimasíðunni um það bil hálfsmánaðarlega um jafnréttismál. Höfundar þeirra voru bæði starfsfólk stofunnar og fólk sem lætur sig jafnréttismál varða með einum eða öðrum hætti. Greinarnar í ár voru 19 talsins og efnistöð afar fjölbreytt. Sumar greinarnar voru sérstaklega skrifaðar fyrir heimasíðuna, aðrar voru fyrirlestrar sem breytt var í greinar, og enn aðrar höfðu áður birst annarsstaðar. Höfundar greinanna aðrir en starfsmenn stofunnar voru m.a. Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra, Guðný Ósk Laxdal, menntaskólanemi, Andrés Ragnarsson, sálfræðingur, Eygló Árnadóttir, kynjafræðingur, Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir.

DAGATAL



Dagatal Jafnréttisstofu árið 2012 var tileinkað Ríósamningnum um loftslagsbreytingar en hann var samþykktur í New York árið 1992. Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd 4. júní 1992 og fullgiltur 16. júní 1993. Í samningnum er lögð áhersla á nauðsyn þess að öll ríki heims taki þátt í að sporna við loftslagsbreytingum og verndi vistkerfið. Jafnréttisstofa vill með útgáfu dagatalsins leggja áherslu á áhrif loftslagsbreytinga á konur og karla og hvernig kynin geta haft ólík áhrif á umhverfi sitt. Loftslagsbreytingar hafa lengi verið álitnar kynhlutlausar þ.e. talið hefur verið að þær hafi sömu áhrif á konur og karla og á sama hátt hafi konur og karlar sambærileg áhrif á umhverfi sitt. Rannsóknir sýna að einstaklingar hafa margbreytileg áhrif á vistkerfið. Lífstíll kvenna og karla, hegðun og neysla er ólík og því hafa kynin ólík áhrif á vistkerfið. Því er nauðsynlegt að taka mið af kynsjónarmiðum við alla áætlunargerð og ákvarðanir sem varða framtíð okkar á jörðinni hvort sem þær snúast um orkulindir, viðbrögð við hamförum eða breytingar á neyslunum fólks til að sporna við loftslagsbreytingum. Dagatalið var sent til allra ráðuneyta, sveitarfélaga, ýmissa stofnana og skóla á öllum skólástigum.

KONUR OG KARLAR Á ÍSLANDI 2012


Undanfarin ár hefur Jafnréttisstofa, í samstarfi við Hagstofu Íslands og velferðarráðuneytið, gefið út bækling með tölfraeðiupplýsingum um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Bæklingurinn er gefinn út bæði á íslensku og ensku. Útgáfa bæklingins síðustu ár er aðgengilega á heimasíðu Jafnréttisstofu.

GENDER EQUALITY IN ICELAND



Í byrjun árs gaf Jafnréttisstofa út upplýsingapakka á ensku um jafnréttisstarf á Íslandi. Í samantektinni er að finna upplýsingar um lagaleg og hagnýt atriði um jafnrétti kynjanna á Íslandi en ritinu er ætlað að veita innsýn í árangur og reynslu okkar af jafnréttisstarfi í viðum skilningi. Reynt er að veita heildstætt yfirlit og hver kafli inniheldur tengla á frekari upplýsingar um lesefni og upplýsingar um samtök og stofnanir sem starfa að jafnréttismálum á Íslandi. Allar upplýsingarnar í upplýsingapakkanum er einnig að finna á ensku heimasíðu Jafnréttisstofu.

KYNJAKRÓNUR: Handbók um kynjaða hagstjórn



Bókin *Kynjakrónur* er samvinnuverkefni Jafnréttisstofu og fjármála- og efnahagsráðuneytisins en í henni eru kynntar aðferðir sem stuðlað geta að jafnrétti og betri nýtingu opinberra fjármuna. Bókin er ætluð ráðuneytum, sveitarfélögum, stofnunum, félagasamtökum og fyrirtækjum. Í handbókinni eru aðferðir kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar kynntar og farið yfir helstu þætti sem nauðsynlegt er að hafa í huga við verkefni á þessu sviði.

RÉTTUR ÞINN



Árið 2011 gaf Jafnréttisstofu út bækling með mikilvægum upplýsingum fyrir konur af erlendum uppruna sem búa á Íslandi. Bæklingurinn var gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, tailensku, rússnesku og arabísku. Í honum má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar varðandi íslenskt samfélag og réttarkerfi. Einnig má finna upplýsingar um jafnrétti kynjanna, dvalarleyfi, hjónabönd, skilnað, forsjármál, umgengismál, fjármál, ofbeldi í nánnum samböndum og hótanir. Þar má einnig finna vísanir í frekari upplýsingar um aðstoð, svo sem símanúmer, heimilisföng og heimasíður ýmissa stofnanna og félagasamtaka. Mikil eftirspurn hefur verið eftir bæklingnum og var hann endurprentaður á árinu 2012.

LÖG UM JAFNA STÖÐU OG JAFNAN RÉTT KVENNA OG KLARA



Í tilefni 10 ára afmælis stofunnar árið 2010 var ákveðið að láta prenta jafnréttislöggjöfina í handhægu broti sem létt væri að bera með sér og dreifa. Nýja löggjöfin sem sett var árið 2008 hafði ekki verið prentuð til dreifingar áður. Lögin voru mikið notuð á námskeiðum ársins 2012 og var þeim dreift til þátttakenda.

NORRÆNT SAMSTARF

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála í gegnum Norrænu ráðherranefndina. Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa koma að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Samstarfið byggir á sameignlegri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en í tengslum við framkvæmd hennar starfar embættismannanefndin „ÄK-JÄM“ sem hittist reglulega ásamt því að jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er varamaður í nefndinni. Árið 2011 var samþykkt ný samstarfsáætlun undir yfirskriftinni: *Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag - Norrænt samstarf um jafnréttismál 2011-2014*.

Þær opinberu stofnanir sem annast jafnréttismál á Norðurlöndunum hafa átt samstarf um árabíl. Á árinu sótti Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu fund norræna jafnréttisstofnana sem haldinn var í Kaupmannahöfn.

SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Jafnréttisstofa á sæti í vinnuhópi EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál og áheyrnaraðild að ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál. EFTA nefndin heldur fundi tvisvar á ári yfirleitt í tengslum við fundi ráðgjafanefndar EU. Á þessum fundum er farið yfir þróun mála hvað varðar nýjar eða endurskoðaðar tilskipanir EU, formennskuáætlanir eru kynntar, skýrslur lagðar fram, og sagt frá því sem er að gerast í jafnréttismálum innan EU. Þessir fundir eru mjög fróðlegir og vekja t.d. athygli á nýju fræðsluefni, ýmist prentuðu eða sem myndböndum á netinu. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu hefur um árabíl sótt fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW). Á þessu ári voru aðal umræðuefnin valdefling kvenna í dreifðum byggðum, fjármögnun jafnréttisbaráttunnar og þátttaka karla og drengja í jafnréttisumræðum.

Að venju skipulögðu Norðurlöndin hliðarviðburði en í ár voru haldnir tveir fundir. Annars vegar fundur með þátttöku ráðherra eða fulltrúa þeirra þar sem fjallað var um aðgerðir Norðurlandanna til að auka jafnrétti kynjanna undanfarin ár. Kristín Ástgeirsdóttir flutti ræðu fyrir hönd jafnréttisráðherra. Hinn fundurinn fjallaði um stöðu kvenna í dreifbýli og aðgerðir til að styrkja hana. Fulltrúi Íslands í þeim umræðum var Aðalsteinn Þorsteinsson framkvæmdastjóri Byggðastofnunar.